

## VIÐTAL

Formaður Skóla- og frístundaráðs borgarinnar segir að ríki og sveitarfélög þurfi að vinna betur saman:

# „Kennarar á Íslandi eru ekki metnir að verðleikum“

Skúli Helgason tók við sem formaður Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar í sumar. Hann segir í viðtali við Reykjavík vikublað að borgin megi gera ýmislegt betur í skólamálu. Mikilvægt starf sé unnið í bæði leikskólum og grunnskólum borgarinnar, og mikilvægt sé að leggja áherslu á læsi frá fyrstu tíð. Einnig þurfi betur við kennara sem ekki séu metnir að verðleikum og hann lítur á kjarabætur til kennara sem eina stærstu og mikilvægustu fjárfestingu okkar í menntamálu. Skúli tekur undir hugmyndir menntamálaráðherra um lestrarmarkmið, en segir að ráðherrann hafi of þrönga sýn á skólakerfið; ríki og sveitarfélög þurfi að vinna nánar saman í þessum efnum.

„Forgangurinn liggur í því að við ætlum að setja mikinn kraft í að innleiða þau verkefni og áherslur sem eru í samstarfssáttmálanum, númer eitt tvö og þrjú,“ segir Skúli spurður um áherslur á næstu misserum. „Stóra verkefnið okkar til lengri tíma er að vinna að því að skólastarfið miðist í auknum mæli að því að greina og draga fram styrkleika barnanna, rækta persónubundna hæfileika þeirra og vinna með það sem kveikir áhuga þeirra. Þetta er markmiðið með því sem við höfum kallað nemendamiðað skólastarf og þarf auðvitað að haldast í hendur við það að börn fái góða kennslu í undirstöðugreinum eins og lestri og stærðfræði, með kennsluáferðum sem taka mið af mismunandi þörfum hvers og eins,“ segir Skúli.

## Undirstaða velferðar-samfélagsins

„Ég lít í raun á þetta sem lýðræðisverkefni. Að auka áhrif barna og ungmenna á innihald og skipulag eigin náms þannig að þau læri ekki bara það sem við teljum að þau eigi að kunna skil á, heldur miði starfið í auknum mæli að því að ná fram neistanum, sköpuninni og frumkvæðinu hjá nemendum sjálfum. Það er í gegnum menntamálin sem við getum tryggt börnunum okkar jöfn tækifæri til að lifa góðu og innihaldsríku lífi og í þessum skilningi er menntun undirstaða velferðarsamfélagsins. Þetta er auðvitað ákveðin stór framtíðarsýn sem við þurfum hinsvegar að vera meðvitund um að við náum ekki samstöðu um nema í samstarfi við kennara, skólastjórnendur, börnin sjálf og foreldra þeirra.“

- Nú getur maður verið sammála um markmiðið, en hvernig sérðu fyrir þér að þetta megi verða? Undanfarin ár og misseri hefur varla verið talað um annað en niðurskurð. Kennarar hafa þurft að leggja niður störf til að fá kröfum sínum framgengt. Hvernig á að ná þessum markmiðum og hvað munu þið komast langt á þessu kjörtímabili?

„Það er of snemmt að segja til um það enfyrsta skrefið er að setja niður starfshóp sem fær það verkefni að móta tillögur um útfærsluna. Og það gerðum við í vikunni á fundi skóla- og frístundaráðs. Við höfum rætt að það þurfi að kalla til fólk sem hefur aðra sýn á skólakerfið en þau sem starfa innan þess núna. Við viljum auðvitað nýta reynslu skólafólks og sérfræðinga, en líka taka mið af reynslu þeirra sem til dæmis hafa hrökklast út úr þessu kerfi og upplifað það sem mikinn ósigur í sínu lífi að hafa ekki fundið það sem þau voru að leita að inni í skólunum.“

## Verk- og listnám jafnsett bóknámi

Skúli segir áhersluna vera á að auka vægi verk-, tækni- og listgreina. Slíkt nám verði jafnsett bóklefum greinum. „Því miður hefur þessum áherslum á verk og listgreinar oft verið vikið til hliðar út af fjárskorti en þá erum við í raun að taka nemendamiðunina úr sambandi og þröngva stórum hópi nemenda í nám sem hentar þeim ekki. Við erum að setja á fót starfshóp sem á að koma með skýrar tillögur um úrbætur í þessu efni, hvernig við getum aukið framboð á verklegu námi í þessum greinum í grunnskólanum miðað við þær aðstæður sem boðið er upp á í skólunum og innan ramma fjárlaga. Þetta er auðvitað risastórt verkefni og það er m.a. af þessum sökum sem ég lagði áherslu á að við færum strax í allsherjar endurskoðun á öllum fjárhag skóla- og frístundasviðs með það fyrir augum að skapa svigrúm til að auka fjármagn í innra starf skólanna.“

## Sammála illuga

Spurður um nýja Hvítbók Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, um markmið í menntamálu, segist Skúli vera að hluta til sammála ráðherranum. Efla verði læsi og draga úr brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum. „Ég held hins vegar að ráðherra hafi of þröngt sjónarhorn þegar hann telur að hægt sé að leysa það inni í framhaldsskólunum. Lausnin og lykillinn að því að ná þessu markmiði liggur miklu frekar í grunnskólunum og jafnvel enn fyrr. Grunnskólinn og framhaldsskólinn vinna vel saman. Ríki og sveitarfélög þurfa að taka upp miklu nánara samstarf í skólamálu heldur en reyndin hefur verið. Það má kannski segja að það sé ekki sérstakt viðfangsefni sveitarfélaganna að nemendur hrökklist frá námi í framhaldsskólum sem eru á ábyrgð ríkisins. En við hljótum sem íbúar í þessu landi og foreldrar að hafa af því áhyggjur ef upp undir þriðjungur nemenda gefst upp og hættir, án þess að fá menntun við sitt hæfi, sem er nú einu sinni stjórnarskrárbundinn réttur okkar allra.“

## Rekstrarformið aukaatriði

„Ég vil líka áréttast að þegar öllu er á botninn hvolft snýst skólastarfi landinu ekki um mismunandi rekstrarform eða hvað rekstraradilinn heitir,“ segir Skúli. „heldur velferð og gengi þeirra barna og ungmenna sem stunda nám á hverjum tíma. Þar liggur okkar ábyrgð fyrst og fremst og það verður enginn eðlisbreyting á nemandanum við það að fara úr umsjá sveitarfélagsins og yfir

til ríkisins. Þess vegna verðum við að miða skólakerfið við þarfir nemenda og tryggja að allir fái menntun sem tekur mið af upplagi þeirra og nýttist þeim í lífinu.“

## Rannsóknir sýna þörf á breytingum

Spyrja má um forsendur mikilla breytingar á skólakerfinu. Ljóst er að það hefur tekið miklum breytingum frá því að blaðamaður sem er um fertugt, og formaður Skóla- og frístundaráðs sem er litlu eldri, sátu á skólabeck í grunnskólum borgarinnar og kennarar messuðu yfir hópnum frá töflunni. Kennarar hafa aðra og meiri menntun en áður og hugsunin og starfið hefur tekið mjög miklum breytingum, eins og um einstaklingsmiðaða kennslu.

„Það er mjög víða verið að vinna í anda þess að breyta skólakerfinu, að taka upp meira samstarf milli kennara, minnihópkennslu og meiri einstaklingskennslu. Samt er það þannig að við erum með glænýjar innlendar rannsóknir sem sýna að það er enn reglan að hópkennsla er normið,“ segir Skúli. Nýleg rannsókn sýni t.a.m. að um þriðjungur kennara telji sig kenna í samræmi við markmið um einstaklingsmiðað nám en ríflega tveir þriðju geri það ekki.

„Það er svolítið þessi veruleiki sem við erum að takast á við. Við erum búin að vera með þessar áherslur um einstaklingsmiðað nám inni í lögbókinni lengi. Reykjavíkurborg tóforystu í þessum efnum undir lok síðustu aldar og gerði að áhersluatriði í sinni menntastefnu, svo þetta eru engin ný sannindi. Það er hins vegar margt sem bendir til þess að veruleikinn sé samt ennþá að verulegu leyti miðaður við hefðbundna kennsluhætti, ef svo má segja. Og ég hef miklar áhyggjur af því sem jafnaðarmaður að börn sitji ekki við sama borð að þessu leyti. Ég tel að ef við erum sammála um að þetta sé góð stefna, þá verði hún að standa öllum börnum til boða. Það verði ekki háð því í hvaða skóla þú ert, hvaða kennara þú hefur, hvort þú færð kennslu við þitt hæfi eða ekki.“

## Launin stærsta fjárfestingin

- Laun kennara eru ekki há þegar við berum okkur saman við nágrannalöndin. Það má eiginlega segja að þeir séu háskólamenntuð láglauastétt. Ertu að beita þér í þessum efnum og hvernig?

„Ég held að samningarnir frá í vor séu mjög mikilvægt skref í því að leiðrétta þessa stöðu. Þetta er stærsta fjárfesting í menntamálu sem við höfum séð um langt árabíl. Hleypur á milljörðum og ég er bara mjög ánægður með það. Þetta var skref sem var nauðsynlegt að stíga, og hefur tekið allt of langan tíma. Ég vil meina að ég hafi gert það sem ég gat á þeim tíma til að þetta næðist saman.“

- Eignum við ekki að gera betur

„Jú, svo þurfum við að gera enn betur. Það er inni í samstarfssáttmálanum hjá okkur í meirihlutanum í



„Ég held hins vegar að ráðherra hafi of þröngt sjónarhorn þegar hann telur að hægt sé að lesa það inni í framhaldsskólunum,“ segir Skúli Helgason, formaður Skóla- og frístundaráðs, um brotthvarf nemenda.

Reykjavík og ég hef lagt áherslu á það í vinnunni með Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Kennarar eru raunverulega ekki metnir að verðleikum eins og starfsbræður þeirra – og systur – þar sem best lætur, t.d. í nágrannalöndunum, og við þurfum sem samfélag að bindast samtökum um að breyta því. Það gerist ekki nema menn líti á sig sem samherja í þessu verkefni, stjórnvöld, kennarastéttin og almenningur. Að hér sé gott skólakerfi og gæða menntun. Ég hef raunar þegar óskað eftir viðræðum við Kennarasambandið um að við myndum sameiginlegan viðræðugrundvöll til þess að takast á við þetta og líka um önnur mikilvæg umbótamál í skólakerfinu.“

## Fyrirmynd fyrir skólakerfið

- Það eru fleiri skólar í borginni en grunnskólarnir. Ertu ánægður með starfið í leikskólum borgarinnar?

„Já ég er það og yfir 90% foreldra í borginni er mér sammála samkvæmt viðhorfskönnunum. Það er margt að gerast í leikskólunum sem að mörgu leyti er til fyrirmyndar. Ég nefni sem dæmi áherslu leikskólans á nám á forsendum leiks og að bjóða börnunum að kynnast heiminum eins og hann er í sínum fjölbreytilegu myndum. Að mörgu leyti væri gaman að sjá önnur skólastig taka sér til fyrirmyndar það sem best er gert á leikskólunum hvað þetta varðar.“

- En hvað með mönnun á leikskólunum? Ég er með börn í leikskóla og það blasir við að álag er þar stundum of mikið enda þótt starfsfólk leggi sig verulega fram og sinni mjög metnaðarfullu

starfi. Það vantar einnig verulega upp á að markmiðum um hlutfall menntaðs starfsfólks sé náð og svo er sýnilegur kynjahalli, þar sem lang flestir starfsmenn eru konur. Viltu beita þér fyrir því að breyta þessu og þá hvernig?

„Algjörlega. Ég á líka fimm ára strák sem er á leikskóla. Reyndar hef ég tekið eftir því að á þeim leikskóla, Sæborg eru óvenju margir karlmenn við störf, en hitt hefur verið meginreglan.“

Tvennt getur skýrt þetta. Það eru launin og svo kannski menningarlegar ástæður sem skýra að þetta sé starf sem konur hafa leitað í. Auðvitað viljum við sjá meira jafnræði þarna. Kennarar eru mjög mikilvæg fyrirmynd fyrir börnin okkar og þær fyrirmyndir þurfa að vera bæði konur og karlar. Maður finnur það bara á eigin skinni. Ég er sannfærður um að góðir kennarar sem ég hafði í menntaskóla og háskóla áttu sinn þátt í því að ég fékk áhuga á stjórnmálum og ákvað að beita mér á þeim vettvangi. Góðir kennarar geta kveikt með manni þann neista sem lifir alla tíð. En launin þurfa að vera sómasamleg og starfsumbúnaðurinn líka. Og þar er vissulega verk að vinna,“ segir Skúli.

Hann bætir því við að í Reykjavík sé lágt hlutfall faglærðra starfsmanna sérstakt vandamál. „Við viljum m.a. bregðast við þessu með því að bjóða upp á námsleyfi fyrir starfsfólk svo það geti farið í nám með stuðningi Reykjavíkurborgar. Það er baráttumál sem leikskólarnir hafa verið að tala fyrir mjög lengi og við erum að stíga skref í þessum efnum með því að koma því inn á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.“



Framhald af bls. 8.

**Skuggaleg fylgni**

Spurður um tengsl skólans við frístundir, íþróttaiðkun og slíkt segir Skúli að síðasti meirihluti í borginni hafi gert vel í þeim efnum. „Skóla- og frístundasvið er stofnað fyrir þremur árum um nákvæmlega þessa hugsun að tvinna þessa hluti betur saman og við erum einmitt að hefja heildstæða stefnumótun um frístundastarf í borginni sem m.a. mun beinast að því að skoða enn frekari möguleika til að tvinna saman almennt skóla- og frístundastarf. Læsisstefna grunnskóla og leikskóla er núna í innleiðingu. Það er mikið áherslumál okkar að efla læsi og fyrsta málið sem við lögðum fram í sumar snerist um að stofna fagræð til að efla lestrarfærni og lesskilning barna. Það er nú að störfum undir forystu dr. Freyju Birgisdóttur. Það skiptir gríðarlegu máli fyrir framtíðina að leik- og grunnskóli spili vel saman þegar kemur að lestrarnámi barna og börnin nái snemma undirstöðufærni í þessari grein, sem hefur svo mikið forspárgildi um allt annað nám. Eiginlega er skuggalegt hvað það er mikil fylgni milli þess hvernig þér gengur í lestri í fyrstu bekkjum grunnskólans og þess hvernig þér vegna t.d. á vinnumarkaði. Árangur í lestri og stærðfræði í grunnskóla spár heilmikið fyrir um það hvernig mönnum vegnar í framhaldsnámi og á vinnumarkaði. Þess vegna er ábyrgð okkar svo mikil að tryggja börnum jöfn tækifæri til vandaðrar grunn menntunar en ekki dæma fólk úr leik vegna þess að aðstæður þess kalla á sérstök úrræði og aðstoð. Ef við ætlum að hafa samfélag sem er byggt á jöfnuði, þá verðum við að gera betur þarna. Ef við vanrækjum það, sem ég tel að við höfum gert að einhverju leyti, samanber brottfallið, þá fáum við það í bakki síðar



„Ég skal bara vera heiðarlegur með að þetta er ekki í nægilega góðu horfi núna,“ segir Skúli Helgason um framkvæmdir við skóla og skólalóðir.

sem samfélag. Ég tek sem dæmi að stórir hópar þeirra sem fá fjárhagsaðstoð hafa átt í miklum erfiðleikum með lestur, ég nefni unga karlmenn sem er sá hópur sem á hvað erfiðast með að læra að lesa.“ Skúli bætir því við að í undirstöðugreinum eins og lestri og stærðfræði verði að tryggja að notaðar séu kennslu- aðferðir sem rannsóknir hafi sýnt að skili nemendum árangri. „Þær verða að taka mið af mismunandi færni nemenda og þar liggur m.a. tengingin við nemendamiðað skólastarf.“

**Prófin verða að hjálpa**

- Hvað þá um þætti eins og samræmd próf og Pisa rannsóknir sem fá oft mikið pláss í umræðunni. Eru próf af þessu tagi þá ekki beinlínis hindrun, ef gera á hlutina eins og þú ert að lýsa, að hver og einn njóti sinna styrkleika. Svo ég nefni dæmi, þá hefur til dæmis Fellaskóli ekki komið vel út í Pisa en svo þegar erlendir sérfræðingar kynna sér starfið þar, þá er niðurstaðan sú að um sé að ræða einn besta, ef ekki besta, skóla álfunnar á sínu sviði, þar sem nemendur eru af ólíkum uppruna. Svona próf geta valdið kvíða og

marginir upplifa samræmd próf sem dóm yfir sér og hafa áhrif á hvernig krökkum liður með sjálf sig. Er of mikil áhersla á þetta?

„Ég held að þarna liggja einmitt vandamál. Próf eru góð þegar þau eru notuð til að hjálpa nemendum í námi. En ef að þau eru orðin einhvern veginn æðsta takmark, og kannski Grýla fyrir nemendur, þá hafa þau tapað tilgangi sínum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að próf séu ónaúðsynleg. Ég held að þau skipti máli svo maður viti hvar maður stendur. Þetta á ekki bara við nemandann, heldur kennarann ekki síður. Ef nemandi kemur illa út úr prófum, þá getur það gefið tilefni til að breyta áherslum í kennslu, skipulagi náms eða samskiptum nemandar og kennara. Og próf geta líka haft stærri samfélagslega þýðingu. Ég tek sem dæmi lesskimunarprófin í borginni. Þau komu illa út í fyrra, voru verstu niðurstöður sem höfðu sést lengi, þó það hafi að hluta til gengið til baka í ár. Árangurinn er samt ekki nógu góður. Tilgangurinn er alls ekki að krossfesta tiltekna skóla, þá sem kannski koma lakast út,“ segir Skúli.

**Eigum að byrja fyrr**

„Tilgangurinn er að koma auga á það strax hvar þarf að hjálpa til og sjá hvort hægt sé að aðstoða skólana og nemendur með sérstökum úrræðum. Þannig vil ég sjá þetta virka og byrja fyrr. Nú erum við með lesskimunarprófin í upp- hafi annars bekkjar í grunnskóla. Við eigum að byrja strax og börnin koma inn í grunnskólana. Metum stöðu þeirra strax þegar þau koma inn í sex ára bekkinn. Þeim mun fyrr getum við byrjað að

hjálpa þeim sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Það eru til mjög árangursrík úrræði í lestrarkennslu sem er beitt bæði hér heima og erlendis, en það þurfa allir skólar að vita af þeim og allir kennarar þurfa sömuleiðis að vita að það eru til góð tæki til að hjálpa nemendum sem eiga í lestrarerfiðleikum. Það geta allir lært en það henta ekki sömu kennslu- aðferðir fyrir alla. Árangurinn er mjög háður því hversu snemma þú grípur inn í og hvaða aðferðum er beitt.“

**Borgina vantar faglega umgjörð**

- Umgjörð skólastarfsins, húsnæði og lóðir, húsgögn og tæki skipta líka máli, ekki síður en innra starfið. Lengi hefur verið kallað eftir frekari endurbótum á Breiðholtsskóla og í síðasta tölublaði Reykjavíkur vikublaðs var fjallað um lakan aðbúnað á lóð Húsaskóla í Grafarvogi, þar sem stjórnendur og foreldrar hafa kallað eftir úrbótum. Þetta kemur auðvitað við fleiri svið borgarinnar en Skóla- og frístundaráð, þar sem um verklegar framkvæmdir er að ræða, en hvað viltu segja við þá sem biða eftir nauðsynlegum úrbótum?

„Það er algjörlega nauðsynlegt að sveitarfélögin séu vakandi fyrir því að það sé ekki bara innra starfið sem þurfi að vera í lagi. Aðbúnaðurinn þarf að vera það líka. Þótt ég hafi aðeins verið nokkrar vikur í þessu embætti þá eru mjög mörg mál sem tengjast aðbúnaði bæði á leik- og grunnskólum og á frístundamiðstöðvum sem þarf að fara í. Og ég verð bara að segja fyrir minn hatt, að mér finnst að borgin sé ekki komin með næg tök eða yfirsýn í þessu.“

Skúli segir að það vanti upp á að til sé fagleg og markviss áætlun um í hvaða röð eigi að fara í viðhalds- og endurbótaverkefni í skólunum. „Ekki síst upp á gagnsæið að gera. Þeir sem vinna í þessum stofnunum þurfa að vita í hvaða farvegi þeirra mál eru, hvenær kemur að þeim, þegar lóð, byggingar eða leiktæki eru komin á tíma. Mér finnst vanta upp á að þessar áætlanir séu til, nægilega heildstæðar. Þetta er auðvitað háð því fjármagni sem er til skiptanna á hverju ári, en ég held að borgin þurfi að taka sér dálítið tak í þessu. Það þarf að gera heildstæðar áætlanir um endurbætur og forgangsraða verkefnum í leikskólum, grunnskólum og frístundamið-

stöðvum. Og þessir áætlanir eiga að vera opinberar. Þá vita allir sem stýra starfinu að hverju þeir ganga og þessu vil ég beita mér fyrir. Ég skal bara vera heiðarlegur með að þetta er ekki í nægilega góðu horfi núna, en fyrsta skrefið er að láta vinna slíkar áætlanir og þá sjá menn hvað er eðlilegt að borgin taki frá mikla fjármuni í þetta.“

**Fjárráðin alltaf takmörkuð**

Reykjavík vikublað greindi frá því í vor að ætla mætti að á bilinu 280-420 reyk- vísk börn væru í vanskilum með skóla- máltíðir. Kostnaður hefur numið um 6.600 krónum á mánuði fyrir hvert barn en borgin greiðir um helming heildar- kostnaðarins, rúmlega 700 milljónir króna á ári.

- Nú hefurðu rætt um jafnaðarmennsku og forgangsröðun fjármuna. Börn eru sinn vinnudag í skólanum og þurfa að vera þar allan daginn. Og nú heyrir maður af umræðu, til dæmis í Svíþjóð, þar sem pirringur er vegna þess að nú eigi að fara að greiða sérstaklega fyrir ávöxt eftir matinn. Er ekki mikilvægt að útrýma þessum aðstöðumun sem er fyrir hendi vegna mismunandi fjárráða foreldra? Á ekki að greiða skólamáltíðirnar alfarið úr sameiginlegum sjóðum?

„Ég hef allveg skilning á því að þetta getur verið ein af þeim leiðum sem er rétt að skoða til að jafna aðstöðumun. Það eru dæmi í kerfinu um að þetta skiptir máli; leikskólalagjöldin, gjöld í frístundastarfi geta verið sumum foreldrum þung í skauti. Á móti kemur að við erum alltaf með takmörkuð fjárráð. Núna fer næstum því allt fjárhagslegt svigrúm sem borgin hafði í að borga hærri laun vegna nýlegra kjarasamninga m.a. við kennara og skólastjórnendur. Ég stend með því sem ég sagði áðan, það er mikilvægasta skref sem stigið hefur verið í málaflokknum í áratugi. En það þýðir jafnframt að við getum ekki um leið farið í ýmis önnur þjóðþrifaverkefni. Fjárráðin eru alltaf takmörkuð. Þótt hugmyndafræðin um gjaldfrjálsan leikskóla og gjaldfrjálsar skólamáltíðir geti verið mjög góð og auðvelt að rök- styðja, þá kostar það mjög mikla fjármuni og við þurfum alltaf að setja það í samhengi við það, hvað á þá undan að láta á móti við aðstæður þar sem t.d. er mikil þörf fyrir sérkennslu og námsúr- ræði fyrir börn í ýmiss konar vanda sem hamlar þeim verulega í námi. En engu að síður erum við í nýja meirihlutunum að grípa til ýmissa aðgerða til að lækka kostnað barnafjölskyldna í borginni. Ég nefni þrjú dæmi í þessum málaflokki. Í fyrsta lagi munum við lækka leikskóla- gjöldin um um 100 milljónir króna, í öðru lagi munum við hækka frístunda- styrkinn í áföngum og loks munum við útvíkka systkinaafslátt þannig að hann nýtist foreldrum sem eru með börn bæði á leikskóla og í frístundastarfi grunnskóla. Við erum einnig að skoða hvort við eigum að tekjutengja viðbót- arafslætti, sem í dag eru veittir forgangs- hópum, s.s. einstæðum foreldrum og námsmönnum, þannig að í framtíð- inni verði viðbótaraflættir miðaðir við tekjur fólks sem myndi m.a. þýða að tekjulág hjón og sambúðarfólk fái slíka viðbótaraflætti á leikskólalagjöldum en hátekjufólk borgi hins vegar hefðbundin leikskólalagjöld en njóti ekki sérstakra forréttinda í krafti þess að vera ekki í sambúð eða hjúskap. Mér finnst það vera sanngirnismál að skoða það.“

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
rafstilling@rafstilling.is

**Tarkett plankaparket**

Verðdæmi:  
190 mm Eik Rustik burstuð  
mattlökkuð 7990.- m<sup>2</sup>

**ALFABORG**  
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755